

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010
og reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010.**

I. KAFLI

Breyting á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi að undanskilinni grein 6.4 í viðauka I við reglugerðina sem tekur gildi 1. janúar 2013. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 488/1997 um almannaflyg með síðari breytingum.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010.

2. gr.

9. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi að undanskilinni grein 6.4 í viðauka I við reglugerðina sem tekur gildi 1. janúar 2013.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e. og 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 31. janúar 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.